



## Bæjarstjórn Blönduósbæjar

### 21. FUNDUR – 15. janúar 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 21. fundar þriðjudaginn 15. janúar 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía A. Garðarsdóttir ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

#### Dagskrá:

1. *Þriggja ára fjárhagsáætlun.*
2. *Fundargerðir:*
  - a. *Bæjarráð frá 19. desember*
  - b. *Bæjarráð frá 9. janúar*
  - c. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. desember*
  - d. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 19. desember*
  - e. *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 10. janúar*
3. *Tillaga Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar*
4. *Afgreiðslur á tillögum sem vísað var til afgreiðslu bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun 2008.*
5. *Launamál bæjarstjórnar*
6. *Nefnd forsætisráðherra til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra*
7. *Önnur mál.*

Í upphafi fundar minntist forseti Hilmars Kristjánssonar, rakti starfsferil hans og bað fundarmenn að rísa úr sætum til virðingar við hinn látna.

#### Afgreiðslur:

##### 1. Þriggja ára fjárhagsáætlun.

Bæjarstjóri fór yfir helstu tölur fjárhagsáætlunar.

Að umræðum loknum bar forseti fjárhagsáætlun til þriggja ára undir atkvæði og var hún samþykkt með 4 atkvæðum 3 sitja hjá.

##### 2. Fundargerðir:

###### a. Bæjarráðs frá 19. desember

Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

###### b. Bæjarráðs frá 9. janúar

Fundargerðin kynnt og rædd. Að umræðum loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

###### c. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 11. desember

Kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

###### d. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 19. desember

Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

###### e. Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 10. janúar

Kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.



### **3. Tillaga Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar**

Á fundinn mætti Stefán Árnason byggingarfulltrúi og skýrði fyrir fundarmönnum tillögu að teikningum að fyrirhugaðri sundlaug. Tillagan því næst rædd. Að því loknu þakkaði forseti nefndinni vel unnin störf.

Forseti bar undir atkvæði að áfram yrði unnið samkvæmt fram kominni tillögu og var það samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða. Forseti lagði til að skipuð yrði ný nefnd, byggingarnefnd sundlaugar sem ynni áfram að málinu skipuð þeim Héðni Sigurðssyni, Ágúst Þór Bragason, Guðmundi Haraldssyni og Stefáni Árnasyni byggingarfulltrúa, var það samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Forseti þakkaði Stefáni fyrir og vék hann af fundi.

### **4. Afgreiðslur á tillögum sem vísað var til afgreiðslu bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun 2008**

Ágúst Þór Bragason lýsti yfir óánægju sinni með tillögum sem hann telur að hafi ekki fengið skýra afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar. Farið var yfir afgreiðslu tillagna í tengslum við fjárhagsáætlana gerð. Bæjarstjórn Blönduóss er sammála um að smávægilegir hnökrar voru á afgreiðslu einstakra tillagna

### **5. Launamál bæjarstjórnar**

Umræður urðu um launamál Bæjarstjórnar. Eftirfarandi tillaga lögð fram;

*“Undirritaðir leggja til að skipaður verði starfshópur með aðild þeirra framboða sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn Blönduósbæjar til að vinna tillögur að stjórnkerfi Blönduóssbæjar með það að markmiði að hagræða í rekstri. Hópurinn skoði og taki afstöðu til:*

*Þóknarir fyrir störf í bæjarstjórn, nefndum og ráðum*

*Fjöldi nefnda*

*Hvort bæjarfulltrúar eigi að eiga sæti í nefndum*

*Fjöldi fulltrúa í bæjarstjórn*

*Hvort þörf sé á að halda úti bæjarráði*

*Markmiðið með þessari vinnu er að skila ábyrgum tillögum að einföldun og aukinni skilvirkni í stjórnsýslu Blönduóssbæjarins. Laun bæjarstjórnar verði óbreytt frá fyrra ári á meðan starfshópurinn starfar. Tillögurnar liggja fyrir eigi síðar en á fundi bæjarstjórnar í mars 2008”.*

Undir tillöguna rita þeir Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmannson.

Tillagan borin upp, atkvæði féllu þannig 3 voru samhljóða og 4 á móti og var tillagan því felld.

Því næst var borin fram breytingartillaga: *Bæjarstjórn Blönduóss samþykkir að fela oddvitum listanna það hlutverk að fara ofan í kjölinn á stjórnskipulagi Blönduóssbæjar með það að markmiði að ná fram hagræðingu og einfalda stjórnkerfið.*

Undir tillöguna rita Héðinn Sigurðsson, Valgarður Hilmarsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Jóna Fanney Friðriksdóttir.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum 3 voru á móti.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

*“Undirritaðir undrast og harma þann trúnaðarrest sem átt hefur sér stað innan bæjarstjórnar með einhliða ákvörðun E-listans um hækkun á launagreiðslum til kjörinna bæjarfulltrúa. Hækkunarir eru út fyrir allt velsæmi. Launagreiðslur bæjarstjórnar eru 92% hærri en á Skagaströnd og ljóst að hægt er að spara talsverðar upphæðir með því að stilla launagreiðslum í hóf.*

*Ákvarðanir E-listans eru til þess fallnar að skammta sjálfum sér laun. Slík vinnubrögð eru ámælisverð og fordæmum við slíkan gjörning”.*

Undir bókunina rita þeir; Ágúst Þór Bragason, Valdimar Guðmannsson og Kári Kárason.

Og síðan var lögð fram bókun af meirihlutanum;

*“Á síðasta fundi bæjarstjórnar var ákvörðun tekin um kjör í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, málið rætt og bókanir settar fram. Sá samanburður sem notaður er í ofangreindri bókun minnihlutans er varla svaraverður enda ósamanburðarhæfur. Heiðarlegra væri að bera saman sambærileg kjör einstakra sveitarstjórnarmanna fremur en heildargreiðslu t.d. á Skagaströnd og í öðrum nágretta sveitarfélögum eins og gert var við gerð fjárhagsáætlunar”.*

Undir bókunina rita; Jóna Fanney Friðriksdóttir, Valgarður Hilmarsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Héðinn Sigurðsson.

### **6. Nefnd forsætisráðherra til að styrkja atvinnulíf og samfélag á Norðurlandi vestra.**

Bæjarstjóri kynnti nefndina og fyrirhugaða fundi með henni. Bæjarstjórn Blönduóss fagnar því að nefnd þessi sé komin á laggimar og bindur vonir við að með vinnu hennar muni eiga sér stað veruleg framþróun í atvinnulífi í héraði.



## 7. Önnur mál

Ekkert lá fyrir undir liðnum önnur mál.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

*Valgarður Hilmarsson (sign.)*  
*Héðinn Sigurðsson (sign.)*  
*Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*  
*Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*  
*Kári Kárason (sign.)*  
*Ágúst Þór Bragason (sign.)*  
*Valdimar Guðmannsson (sign.)*  
*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*

Fundi slitið kl. 19:55

*Stefanía A. Garðarsdóttir (sign.)*